**112. fundur skráningarráðs,** haldinn fimmtudaginn 15. febrúar 2018 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 10:00-11:30

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.

2. Staðan á vinnu við þarfagreiningu
   Þarfagreiningin er á lokametrunum og unnið er í þýðingu á skjalinu yfir á ensku. Útboð verður auglýst 15. mars 2018, tilboðsfrestur verður til 30. apríl 2018. Stefnt er að því að velja kerfi fyrir haustið 2018.

3. Beiðni um undanþágu vegna skráningarheimildar
   Samþykkt.

4. Káputitill – eða titill ekki á titilsíðu
   Heimilt er að gera athugasemd í svið 500 Káputitill ef þurfa þykir. Hallfríður uppfærir Handbók skrásetjara.

5. Lágmarkskóðun við skráningu
   Í sæti 1 í sviði 007 ber að nota kóðan d fyrir rafrænt efni vistað á disk fyrir öll form. Hallfríður sér um að uppfæra skjalið og laga í Handbók skrásetjara.

6. Önnur mál
   Þóra bendir á að það vanti dæmi um hvernig á að fara með greini í sviði 246 1_ Annar titill með athugasemd. Hallfríður bætir við dæmi í Handbók skrásetjara

**Greini er sleppt í 246**
245 00 |a Mannfélagið = |b The Human Fabric
246 33 |a Human Fabric

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 22. mars kl. 10